


Sneiðing A-A
mkv. 1:100




Grunnmynd 1. hæð
mkv. 1:100

## BYGGINGARLÝSING

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að húsnæði (byggingarár 1954) þar sem áður var til húsa járnsmiðja og síðar Byggðasafn Hafnarfjarðar, mun nú hýsa starfsemi Hafnarfjarðarleikhússins. Helstu breytingar á húsnæðinu eru þær að því er skipt í þrjú aðal rými sem eru leiksalur fyrir 150-200 áhorfendur, forsalur með snyrtingum, veitingasölu og skrifstofulofti, og búnings- og förðunaðstöðu með geymslulofti og tækniaðstöðu fyrir leiksýningar (ljósaborð o.þ.h). Burðarvirki í aðalsal hefur breytt, og í stað súlna koma tveir eldvarðir stálbitar sem hvíla á steinsteyptum útveggjum.

1-ÚTVEGGIR. Útveggir eru 300mm steinsteyptir. Útveggir voru klæddir með 50mm steinull og Ímúr múrkerfi árið 1994. Gluggar sem eru með tvöföldu gleri, hafa margir verið byrgðir að innan með timburplötum en eru sýnilegir að utan.

2-ÞAK. Þak er gert úr 180mm stálsperrum (IPN-18) m. 1500mm millibili, ofan á þær eru boltaðar 2" x 3" timurlektur, þar ofan á er borðaklæðning, pappi og aluzink bárujárn. Milli stálsperra kemur 5" steinullareinangrun, og neðan á hana harðpressuð 1" steinullarplata m. álklæðningu. Þakhalli er 54° og 11°. Þakjárn var endurnýjað árið 1994, og skotrennur klæddar ýmist með þakdúk eða aluzink áfellum sem ganga undir þakjárnið. Rafmagns-hitavír komið fyrir í rennunum.

3-SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Gólf í skrifstofuaðstöðu yfir forsal og á geymslulofti yfir leikaraaðstöðu eru úr grind með amk. 200mm timburásum, einangrað og með klæðningu í flokki 1 til að ná EI-60 brunamótstöðu þar sem við á.

4-INNVEGGIR. Nýir innveggir eru ýmist gerðir úr blikkstoðum eða timburgrind (berandi) og eru klæddir tvöföldu lagi úr spónaplötum og gipsi. Innveggir í húsnæðinu eru m. klæðningu í flokki 1 og uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar um eldvarnir þar sem við á. Veggir og millíloft sem skilja að aðalsal og önnur rými eru einangraðir með 100mm steinull.

5-EINFÖLDU SKYGGNI úr stálgrind með bárujárnsþaki verður komið fyrir við aðalinngang.

6-INNTAK FYRIR RAFMAGN er á tveimur stöðum í rýminu, en inntak fyrir hitaveitu og vatnsveitu er í aðliggjandi húsnæði.

7-BÍLASTÆÐI. Alls eru uþb 180 bílastæði á lóð leikhússins, við aðliggjandi hótel, á lóð nærliggjandi íþróttahúss, og við tónlistarskóla og kirkju.

## BRUNAVARNALÝSING

1. Hönnun og uppsetning brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð verður í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar.

2. Tvær 30m brunaslöngur eru í rýminu, ein í forsal við aðalinngang, og ein í aðalsal við útgöngudyr. Neyðarlýsingu og handslökkvitækjum verður komið fyrir eftir þörfum.

3. Rýmingarleiðir úr aðalsal eru um útgönguleiðir á norðurhlið byggingar, en þær eru um tvennar dyr (2 x 1400mm fyrir miðju salar), og um 1800mm dyr að forsal. Flóttaleiðir úr aðalsal eru allar með "panik-slá".

Rýmingarleið úr forsal er um aðalinngang (900mm) og um 1800mm dyr að aðalsal.

Rýmingarleiðir úr aðstöðu leikara eru um inngang á norðurhlið (900mm), um björgunarop á suðurhlið, og um 900mm dyr að aðalsal.

Rýmingarleiðir af skrifstofulofti yfir forsal eru um svalir á suðurhlið, og um hringstiga niður í forsal.

4. Koma skal fyrir útljósum og neyðarlýsingu í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð verða staðsettir í samráði við Eldvarnareftirlit.

## BRUNATÁKN:

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótst. | EI-60 |
| Útljós. | ÚT → |
| Flóttaleiðir | - - - → |
| Brunaslanga | 30 m |
| Stjórnstöð viðvörunakerfis | ! |

Sambykkt þann
2 2 SEPT 2004
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

lykilmynd

breytingar

A - 01.09.2004 - ýmsar breytingar
B - 17.09.2004 - ýmsar breytingar

KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ
KE - kt: 070365-4059
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf. - kt: 570800-2210 - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj.
Sími: 565 9779 - GSM: 699 0999 - Email: kari@aok.is - www.aok.is

| | |
|---|---|
| verkkaupi | Fasteignafélag Hafnarfjarðar |
| verk | HERMÓÐUR OG HÁÐVÖR SMIÐJAN - Strandgötu 50 |
| teikning | Grunnmynd 1. hæðar / Sneiðing A-A |
| teikning nr. | 0410 201 |

**AÐALUPPDRÁTTUR**

| hannað | teiknað | dags. |
|---|---|---|
| KE | KE | JÚNÍ 2004 |
| mkv. 1:100 | tölvuskrá 0410-201.dwg | |

blaðstærð **A2**

**ath!** Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum skal tilkynna hönnuði strax.